



Altarisganga

Altarisganga eða heilög kvöldmáltíð er athöfn þar sem kristnir menn minnst Jesú og dauða hans. Söfnuðurinn gengur að lágu handriði, sem nefnist grátur, og er fyrir framan altarið. Þar útteilir presturinn messuvíni úr bikar, sem táknar blóð Krists og oblátu, sem táknar líkama Krists. Við þessa athöfn er verið að minnst síðustu kvöldmáltíðar Jesú og lærisveina hans áður en Jesús var krossfestur. Þessi



siður hefur haldist frá upphafi sem minningarathöfn en einnig hefur Guðsríki verið líkt við mikla kvöldmáltíð eða veislu. Það er þó misjafnt eftir kirkjudeildum hvernig litið er á þessa athöfn og merkingu hennar. Í sumum kirkjum er altarisganga á hverjum sunnudegi en sjaldnar hjá öðrum.

Spurningar

1. Hvað er altarisganga og hvers er minnst við hana?
2. Hvað táknar vínið og brauðið, oblátan, sem er útteilt við altarisgönguna?
3. Hvernig tengist þessi athöfn síðustu kvöldmáltíð Jesú?